

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1958, nr. 25.

Umferðarlög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Fjárukalög fyrir árið 1955, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1958, nr. 28.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1958, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupsýslum, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1958, nr. 29.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. apríl 1958, nr. 30.

Lög um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda, undirskrifuð af forsetanum 17. maí 1958, nr. 31.

Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.

40

17. maí

AUGLÝSING

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 32 17. maí 1958 þannig, að tollstofnanir skuli ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum þar til fram komið frumvarp um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi.

Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzon.

41

22. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 10% frá 1. apríl 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. apríl 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.